



SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Svar við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um ráðningar leik- og grunnskólastjóra

Á fundi skóla- og frístundaráðs, 8. maí 2023, var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins:

Á dagskrárliðnum embættisafgreiðsla hér á fundinum í dag, 8. maí, er ráðning leik- og grunnskólastjóra. Um er að ræða tvær stöður leikskólastjóra og tvær stöður grunnskólastjóra. Enginn rökstuðningur fylgir þessum ráðningum eingöngu upplýst um hverjir fengu þessar stöður. Þá fylgdu heldur ekki umsagnir frá foreldra- og skólaráðum varðandi þessar ráðningar. Skóla- og frístundaráð fékk heldur ekki upplýsingar um þessar ráðningar fyrr en eftir að þær voru gerðar opinberar sem er óásættanlegt þar sem ráðið ber ábyrgð á skólastarfi í borginni. Hér er því ekki um gagnsæja og vandaða stjórnsýslu að ræða. Í ljósi ofangreinds er óskað eftir því að þessar ráðningar með rökstuðningi verði settar á dagskrá næsta reglulegs fundar skóla- og frístundaráðs. Sömuleiðis verði sett á dagskrá til afgreiðslu tillaga okkar sjálfstæðismanna sem lögð var fyrir ráðið í febrúar síðastliðnum um að verklag við ráðningar æðstu stjórnenda í borgarreknum grunn- og leikskólum verði tekið til endurskoðunar.

Svar:

Ráðningaraðili grunn- og leikskólastjóra

Sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs er ráðningaraðili leik- og grunnskólastjóra, sbr. a. og b.-lið 2. gr. viðauka 2.6 í samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 1020/2019, lög um grunnskóla nr. 91/2008 og lög um leikskóla nr. 90/2008.

Fyrirkomulag vegna ráðninga leik- og grunnskólastjóra á skóla- og frístundasviði var áður með því móti að ákvörðun um ráðningu var sameiginlega í höndum sviðsstjóra og skóla- og frístundaráðs. Var þá tillaga um ráðningu lögð fyrir framangreinda aðila á fundi ráðsins og ákvörðun um ráðningu afgreidd með atkvæðagreiðslu. Þessu var breytt með fyrrgreindum viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 1020/2019 með síðari breytingum.

Aðkoma foreldraráða og skólaráða

Liður í ráðningu sviðsstjóra á grunn- eða leikskólastjóra er að kynna drög sviðsstjóra að auglýsingu á fundi með foreldraráði leikskóla eða skólaráði grunnskóla og gefa ráðinu svigrúm til skoðunar. Foreldraráð og skólaráð hafa tillögurétt um áherslupætti auglýsingar varðandi



hæfniskröfur en sviðsstjóri ber ábyrgð á endanlegri gerð auglýsingarinnar. Ráðin veita ekki formlega umsögn um ráðninguna.

Fyrirkomulag tilkynningar um ráðningu

Það fyrirkomulag hefur verið að sviðsstjóri tilkynni skóla- og frístundaráði um ákvörðun um ráðningu grunn- og leikskólastjóra á ráðsfundi í formi embættisafgreiðslu. Ekki hefur tíðkast að slíkri tilkynningu fylgi rökstuðningur fyrir umræddum ráðningum.

Uppfært verklag um ráðningar grunn- og leikskólastjóra

Varðandi þá beiðni að sett verði á dagskrá til afgreiðslu tillaga Sjálfstæðismanna frá febrúar sl. um verklag við ráðningu æðstu stjórnenda í borgarreknum grunn- og leikskólum, er upplýst um að unnið er að uppfærðu verklagi í samráði við mannauðs- og starfsumhverfissvið Reykjavíkurborgar.